

hérað til uppsögu úrskurðar af nýju, þótt málsgögn þau, er úrskurðinum fylgdu, bendi til þess, að hann sé að efni til réttur.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. júní 1951.

Orðin „telst vanhaldin“ í 4. gr. laxveiðilaganna nr. 112 frá 1941 verða vart skilin á þann hátt, að áður en dómkvaðning matsmanna fer fram, þurfi að meta hvort matsbeiðandi sé vanhaldinn um veiði. Eðlilegast virðist að skilja orðin, svo sem þar stæði: „telur sig vanhaldinn“. Landbúnaðarráðherra hefur í matsbeiðni sinni gert grein fyrir því, að hann hafi leitað samkomulags við Stangaveiðifélag Akraness um veiðiskiptin, en eigi getað náð þeim samningum, er hann telur réttláta.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna dómkvaðning skal fara fram.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 18/1951.

Sigurður Berndsen

gegn

Herði Ólafssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. júní þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní s.l, þar sem synjað var kröfu um frest til 4.

þ. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, Málmíðjunni h/f og Magnúsi Helgasyni, en frestur einungis veittur til 26. júní þ. á.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá frekari frest en héraðsdómari veitti honum.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, að því er sóknaraðilja varðar.

Þar sem kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, fellur hann niður.

Sóknaraðili hefur ekki fært nein rök að því, að frests hafi verið þörf í víxilmáli því, sem hér er um að tefla, enda voru gögn þau, sem hann taldi sig ætla að afla, þess eðlis, að þeirra varð ekki neytt í málinu. Þykir sýnt, að hann hafi kært málið í því einu skyni að afla sér ólögmeðs frests. Verður honum því samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 dæmd 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, að því er sóknaraðilja, Sigurð Berndsen, varðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sigurður Berndsen greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m., hefur Hörður hdl. Ólafsson hér í bæ höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. s. m., gegn hlutafélaginu Málmíðjunni, Magnúsi Helgasyni, Grenimel 20, og Sigurði Berndsen, Barmahlíð 30, öllum hér í bænum, til greiðslu víxilskuldar in solidum, að fjárhæð kr. 18.500.00 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1951 til

greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 37.90 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 19. þ. m., og sótti þá þing stefndi Sigurður, en aðrir stefndu ekki, og óskaði hann eftir fresti til ritunar greinargerðar til 4. sept. n. k. Gat hann þess jafnframt, að hann teldi skuldina ekki þetta háa, þar eð greitt muni hafa verið upp í víxilinn án þess að færa þær greiðslur inn á hann. Kvaðst hann mundu nota frest þenna til þess að finna kvittanir, sem gefnar hafi verið fyrir greiðslum þessum, og haga kröfum sínum í greinargerð í samræmi við það. Stefnandi vildi ekki veita frest í málinu, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda Sigurðar.

Þar eð telja verður, að rétt sé að gefa stefnda færi á að tjá sig nánar um kröfur stefnanda, þykir honum bera nokkur frestur í því skyni, og er tímalengd hans hæfilega ákveðin til 26. þ. m.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Stefnda, Sigurði Berndsen, er veittur frestur til ritunar greinargerðar til 26. þ. m.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 19/1951.

Dagbjartur Geir Guðmundsson

gegn

Sigurjóni Alfred Kristinssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Ómerking kærðs úrskurðar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. júní 1951, sem hingað barst 6. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar úrskurði, er kveðinn var upp í fógetarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar hinn 18. júní 1951 í útbuðarmáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frest, sem hann hafði óskað eftir.